

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Sigurður Á. Þráinsson
Umhverfisráðuneytið
Skuggasundi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. september 2011
2011090006/42-4-2

Leyfi til að veiða margæs og blesgæs vegna rannsókna, umsögn


Vísað er til tölvupósts frá umhverfisráðuneytinu, dags. 8. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Dr. Karls Skírnissonar um leyfi til að veiða 7 margæsir og 7 blesgæsir vegna rannsókna á blóðögðum í andfuglum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur verkefnið vel rökstutt og gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til framangreindra veiða. Stofnunin telur að veiðar á 7 ungfuglum margæsa og 7 ungfuglum hafi ekki áhrif á stofna þessara tegunda en veiðar á þeim eru bannaðar í dag. Með rannsóknunum fæst líklega innsýn í sníkjudýrafánu þriggja nærliggjandi svæða, margæs í NA-Kanada, blesgæs í V-Grænlandi og helsingi í A-Grænlandi, með samanburði við Ísland þ.e. grágæs á láglendi Íslands og heiðagæs á hálendi Íslands.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

